

Styrkir, afslættir og skilgreiningar með gjaldskrá 2020

Frístundastyrkur: Börn og unglingar, 0-18 ára, með lögheimil í Suðurnesjabæ eiga rétt á frístundastyrk að upphæð kr. 35.000 kr. þar sem eldri aldursmörk miðast við fæðingarár. Frístundastarf utan Suðurnesjabæjar er ekki styrkhæft ef sama frístundastarf er í boði í Suðurnesjabæ.

Umönnunarbætur: Umönnunarbætur eru kr. 41.000 fyrir hvern mánuð. Fyrsta greiðsla er í þeim mánuði sem barn verður tíu mánaða, eða frá þeim tíma sem sótt er um umönnunarbætur. Síðasta greiðsla er greidd þann mánuð sem barn verður tveggja ára, eða þar til barn fær inngöngu í leikskóla. Umönnunarbætur eru ekki greiddar eftir að barni hefur verið boðin innganga í leikskóla.

Dagvistun hjá dagforeldri: 51.000 kr. niðurgreiðsla á mánuði miðað við átta tíma vistun. Hlutfallsleg niðurgreiðsla fyrir skemmri vistun og kr. 62.000 fyrir *afsláttapega.

Ferðastyrkir vegna framhaldsmenntunar: Nemar sem eiga lögheimili í Suðurnesjabæ og stunda framhaldsnám eiga rétt á ferðastyrk kr. 30.000 fyrir hverja námsönn, miðað við fullt nám. Skilyrði fyrir styrknum er að stundað sé lánshæft nám í dag- eða fjarnámi og ekki sé kostur að stunda námið á Suðurnesjum. Sækja skal um styrk fyrir haustönn eigi síðar en síðasta virka dag desembermánaðar og vorönn fyrir síðasta virka dag maí mánaðar. Skilyrði fyrir greiðslu er að námsmaður sýni fram á að námsframvindu, þ.e. unnar einingar á önn.

Afsláttur fargjalda vegna almenningsamgagna: Börn 16 ára og yngri, með lögheimili í Suðurnesjabæ eiga rétt á 80% niðurgreiðslu á fargjöldum með almenningsamgöngum. Farmiðar eru afgreiddir í íþróttamiðstöðvum í Suðurnesjabæ.

Fasteignaskattur: Einstaklingar 67 ára og eldri fá afslátt af fasteignaskatti frá og með næstu áramótum sem þeim aldri er náð. Sjá nánar viðmiðunarreglur um afslætti.

Afsláttarþegar

Námsmaður: Er sá sem er í fullu námi eins og það er skilgreint í kennsluskrá viðkomandi skóla. Framvísa þarf staðfestingu um námsvist eftir hverja önn og er afsláttur leiðréttur eftirá.

Öryrki er sá sem er á aldrinum 18-67 ára og hefur fengið samþykkt örorkumat hjá Tryggingastofnun ríkisins. Framvísa þarf skírteini TR.

Ellilífeyrisþegi: Sá sem uppfyllir skilyrði um lífeyristöku og fær greiddar lífeyrisgreiðslur.

Einstætt foreldri: Er foreldri sem býr eitt með barni/börnum sínum og er ekki í hjúskap eða sambúð. Skila þarf inn staðfestingu um hjúskaparstöðu og búsetuvottorði.

